

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda

Félagsmálaráðuneytið
Janúar 2007

Markmið ríkisstjórnar Íslands með stefnu í málefnum innflytjenda er að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu og á sem flestum sviðum mannlífs. Er þetta í fyrsta sinn sem slík stefna hefur verið samþykkt hér á landi.

Með hugtakinu *innflytjandi* (e. immigrant) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst.

Árið 1994 voru erlendir ríkisborgarar 1,7% af heildarmannfjöldanum á Íslandi en hlutfallið var orðið um 6% í árslok 2006. Eftirspurn íslenskra atvinnurekenda eftir vinnuafli skýrir þessa fjölgun að miklu leyti og er atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara meiri á Íslandi en víða annars staðar. Í ársbyrjun 2007 er áætlað að um 10% fólks á vinnumarkaði séu erlendir ríkisborgarar. Nokkur hluti þeirra sem hingað koma kjósa að setjast hér að til frambúðar. Fyrir áratug fengu um 160 manns íslenskan ríkisborgararétt árlega, en 730 einstaklingar árið 2005.

Það er íslensku samfélagi til gæfu að gefa fólki sem hingað flyst tækifæri til að finna starfskröftum sínum, hugviti og hæfileikum farveg. Á hinn bóginn nægir ekki að meta framlag innflytjenda einungis á vinnumarkaði. Þeir koma iðulega til landsins með fjölskyldur sínar með það í huga að setjast hér að til lengri eða skemmri tíma.

Samfélagið í heild þarf að vera í stakk búið til að bregðast við nýjum og breyttum aðstæðum, á vinnumarkaði, í skólakerfinu, heilbrigðisþjónustu og annarri velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Kunnátta í íslenskri tungu er lykillinn að íslensku samfélagi og getur ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Aðstoð stjórnvalda í einstökum tilvikum við innflytjendur með þýðingum og túlkun getur aldrei komið í stað íslenskukunnáttu, enda hlýtur slík viðleitni stjórnvalda ávallt að takmarkast af fjárveitingum. Þá er óraunhæft að þýða eða túlka á öll tungumál.

Efnisyfirlit

Markmið stefnu	4
Grunngildi íslensks samfélags	6
Erlendir ríkisborgarar á Íslandi.....	7
Íslenskunám fyrir fullorðna.....	8
Miðlun og öflun upplýsinga.....	10
Atvinnumál og atvinnuþátttaka.....	11
Menntamál.....	13
Leik - grunn – og framhaldsskóli	13
Kennaramenntun	16
Heilbrigðisþjónustan	17
Hlutverk sveitarfélaga	20
Félagsþjónusta sveitarfélaga.....	20
Barnavernd	21
Íþróttá- og tómstundamál	21
Málefni fatlaðra	22

Markmið stefnu

Í stefnunni eru sett fram eftirtalin markmið og tilgreindar leiðir að þeim:

Íslenskunám fyrir fullorðna

- Fullorðnir innflytjendur bæði á vinnumarkaði og utan hans eigi kost á að góðri íslenskukennslu.
- Samfélagsfræðsla sé hluti af íslenskunámi fyrir innflytjendur.
- Tryggja framboð á námsefni sem hæfir markmiðum námskrár.
- Fram fari gæðamat og eftirlit með íslenskukennslu.

Miðlun og öflun upplýsinga

- Innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum um íslenskt samfélag.
- Aðgengilegar upplýsingar um innflytjendamál á Íslandi.

Atvinnumál og atvinnuþáttaka

- Erlendir ríkisborgarar sem hér dvelja og starfa hafi tilskilin dvalar- og atvinnuleyfi.
- Útlendingar á innlendum vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda og aðrir.
- Virk atvinnuþáttaka á innlendum vinnumarkaði.
- Lög um atvinnuréttindi útlendinga verði skýrari.
- Miðlun upplýsinga á netinu fyrir atvinnurekendur sem og aðra.

Menntamál

Leik-, grunn- og framhaldsskóli

- Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla með annað móðurmál en íslensku njóti réttar síns til náms í íslensku sem öðru tungumáli.
- Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku fái eftir því sem kostur er tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu.
- Nemendum með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum verði auðvelduð próftaka á íslensku.
- Foreldrum eða forráðamönnum af erlendum uppruna verði auðvelduð þátttaka í starfi sem tengist börnum og unglíngum.
- Skólanámskrár miði að því að undirbúa nemendur undir virka þátttöku í fjölmennningarlegu samfélagi.
- Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi.

Kennaramenntun

- Framboð af vel menntuðum kennurum sem hafa lært að kenna íslensku sem annað tungumál verði aukið.

Heilbrigðisþjónustan

- Innflytjendur hafi aðgang að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu hér á landi í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um almannatryggingar og lög um sjúklinga. Innflytjendur skulu njóta sömu þjónustu og Íslendingar.
- Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að upplýsingar berist milli einstaklings og heilbrigðisstarfsmanns.
- Heilbrigðisstarfsfólk sé upplýst um ólíka menningarheima að því leyti sem það getur skipt máli gagnvart innflytjendum sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda.
- Upplýsingar um almannatryggingar og skipulag og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu séu innflytjendum aðgengilegar.
- Hugað sé að sértækum heilsufarsvandamálum innflytjenda með það að markmiði að bæta heilsufar þeirra og vellíðan.
- Heilbrigðiskerfið þarf að geta brugðist við sjúkdómum meðal innflytjenda og beita sértækum aðgerðum vegna innflytjenda þegar um er að ræða sjúkdóma sem fátíðir eru hér á landi og þarf að meðhöndla.

Hlutverk sveitarfélaga

Félagsþjónusta sveitarfélaga

- Sveitarstjórnir tryggji að innflytjendur hafa sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.
- Sveitarstjórnir beiti tiltækum úrræðum til að koma í veg fyrir félagslega einangrun innflytjenda, bæði barna og fullorðinna.
- Í þeim tilfellum að sveitarfélög setja sér forvarnastefnu er brýnt að hún nái einnig til barna og ungmenna af erlendum uppruna.
- Sveitarfélög gegni virku hlutverki í hvers kyns fræðslu sem hafi að markmiði að sporna gegn fordómum.

Barnavernd

- Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum taki sérstaklega mið af börnum er hafa ekki íslensku að móðurmáli.
- Íþrótt- og tómstundamál.
- Sveitarfélög leiti leiða til að tryggja þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu, bæði á þeirra eigin vegum svo og á vegum félagasamtaka sem njóta styrkja eða aðstöðu í sveitarfélaginu.

Málefni fatlaðra

- Greining frávika í þroska barna er hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Grunngildi íslensks samfélags

Hornsteinn hins íslenska réttarríkis er lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi. Þessi gildi eru leiðarljós í aðlögun innflytjenda að samfélaginu og samfélagsins að þeim öru breytingum sem alþjóðavæðingunni fylgja.

Í lýðræðisþjóðfélagi er gert ráð fyrir að ólíkir hagsmunir og sjónarmið séu viðurkennd og að fulltrúar þeirra hafi bæði rétt og skyldu til að koma þeim á framfæri. Þátttaka nýrra Íslendinga á öllum sviðum samfélagsins er einkar mikilvæg. Jafnframt þarf virðing allra þjóðfélagshópa fyrir gildum lýðræðis ávallt að vera höfð að leiðarljósi.

Á tímum örrar alþjóðavæðingar er nauðsynlegt að mannréttindi séu virt í hvívetna og í engu slakað frá þeim kröfum sem Íslendingar gera til sjálfs síns. Eins og fram kemur í stjórnarskrá lýðveldisins skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar hvívetna.

Lífsgæði íbúanna ráðast af mörgum þáttum. Stofnanir á sviði almannajónustu gegna mikilvægu hlutverki við að vernda lífsgæði íbúa, hvort heldur heilbrigði, öryggi og velferð íbúanna eða veita menntun og tryggja jöfn tækifæri. Stofnanirnar eru því jafnframt í lykilhlutverki við aðlögun innflytjenda að samfélaginu og þurfa að vera í sífelldri þróun svo þær séu ávallt færar um að mæta nýjum þörfum íbúanna á skilvirkan hátt.

Einstaklingsfrelsið er meðal grunngilda íslenska samfélagsins og ein af forsendum þess að hver og einn nýti hæfileika sína til fulls. Einstaklingsfrelsið þrífst best þar sem íbúar hafa jöfn tækifæri. Frelsinu fylgir jafnframt ábyrgð gagnvart leikreglum réttarríkisins sem grundvallast á stjórnarskrá landsins.

Það er stefna íslenskra stjórnvalda – og um það ríkir þjóðarsátt – að standa dyggilega vörð um íslenska tungu. Hún er sameign þjóðarinnar og geymir sögu hennar, menningu og sjálfsvitund. Hún er einnig tæki til félagslegra samskipta og lykill að þátttöku í lífi þjóðarinnar. Með öflugum stuðningi við íslenskunám innflytjenda er þjónað því tvíþætta markmiði að flýta fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu og styrkja stöðu íslenskunnar til framtíðar.

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi

Allt frá miðri síðustu öld og fram á miðjan tíunda áratuginn var hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi undir 2% af íbúafjölda. Á síðasta áratug hefur hlutfall þeirra þrefaldast og nam í desember 2006 um 6% af mannfjölda samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Fjölgun fólks af erlendum uppruna sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar má að verulegu leyti skýra með mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagsæld hér á landi. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið sem tók gildi 1994 opnaði fyrir frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks, frjálsan flutning fjármagns innan EES, gagnkvæman aðgang að innri markaði og flutning félagslegra réttinda. Einnig opnaði hann fyrir útrás íslenskra fyrirtækja, hugvits og vinnuafls til annarra landa. Með stækkun Evrópusambandsins fjölga þeim þjóðum sem njóta þessara gagnkvæmu réttinda. Einnig má geta þess að norrænn samningur tók gildi árið 1983 sem veitti norrænum ríkisborgurum rétt til að starfa í þessum löndum án sérstaks atvinnuleysis.

Rannsóknir á búferlaflutningum milli landa hafa leitt í ljós að fólk er líklegast til að flytja snemma á fullorðinsárum. Flestir sem hingað koma eru ýmist einhleypt fólk eða sambúðarfólk með mjög ung börn. Eftir að 30 ára aldri er náð dregur yfirleitt hratt úr búferlaflutningum. Þetta er vísbending um að fjölskyldur með stálpuð börn flytjast síður en smábarnafjölskyldur milli landa. Flestir þeirra er fluttust til landsins árið 2005 voru á þrítugsaldri og börn undir fimm ára voru jafnframt mörg. Árið 2005 var aldurssamsetning erlendra karlmanna er fluttust til landsins þó önnur, því óvenju margir þeirra voru yfir miðjum aldri. Skýringarinnar er að leita í tímabundinni eftirspurn eftir vinnuafli við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir.

Árið 2002 gátu erlendir ríkisborgarar aðrir en Svíar, Norðmenn, Danir og Finnar í fyrsta sinn greitt atkvæði í sveitarstjórnarkosningum og boðið sig fram til setu í sveitarstjórn. Skilyrði er að viðkomandi hafi búið samfleytt á Íslandi í að minnsta kosti fimm ár. Með þessari breytingu uppfyllir Ísland kröfur sáttmála Evrópuráðsins um þátttöku erlendra ríkisborgara í opinberu lífi í sveitarfélögum.

Íslenskunám fyrir fullorðna

Stjórnvöld stefna að því að allir eigi kost á íslenskunámi sem sniðið sé að þörfum hvers og eins. Forsenda aðlögunar að nýju samfélagi og þátttöku í því er að geta tjáð sig á tungumáli þjóðarinnar. Rannsóknir og viðtöl hafa sýnt að mikill meirihluti fólks af erlendum uppruna á Íslandi vill læra íslensku. Að því skal stefna að íslenskunám fyrir innflytjendur feli jafnframt í sér fræðslu um íslenskt samfélag, gildi þess, menningararf og réttindi borgara og skyldur.

Það færir í vöxt að vinnustaðir sem hafa erlenda starfsmenn bjóði íslenskukennslu á vinnustað, í vinnutíma. Kennslan er nemendum oft að kostnaðarlausu og þeir fá laun greidd að hluta eða jafnvel að öllu leyti meðan á kennslu stendur. Slíkt fyrirkomulag þykir skila bestum árangri.

Við alla íslenskukennslu ber að hafa í huga að fólk hefur mismunandi forsendur til að læra íslensku og jafnframt mismunandi færni til að lesa og skilja íslenskt ritmál. Huga þarf sérstaklega að þeim hópi fólks sem hefur litla sem enga formlega menntun.

Námskrá og námsefni íslenskunámsins þarf að vera sveigjanleg þannig að þau mæti þörfum ólíkra hópa, meðal annars eftir uppruna og námsstigi, og samsett úr einingum sem má raða saman í stærri heild. Meginmarkmið námskrár verða að skilgreina almenn færnimarkmið í íslensku sem einnig mætti hafa til hliðsjónar við ákvarðanir um veitingu ríkisborgararéttar.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu samkvæmt ákveðnum reglum sem það setur.

Fullorðnir innflytjendur bæði á vinnumarkaði og utan hans eigi kost á að góðri íslenskukennslu

Leiðir:

- Byggja upp 200 tíma nám sem mæti þörfum innflytjenda óháð bakgrunni þeirra.
- Veita styrki til fræðsluaðila og fyrirtækja sem uppfylla þau formaskilyrði sem menntamálaráðuneytið setur um umsækjendur um styrk vegna íslenskukennslu fyrir innflytjendur.
- Námskeiðskostnaði nemenda verði haldið í lágmarki.

Samfélagsfræðsla sé hluti af íslenskunámi fyrir innflytjendur

Leiðir:

- Í íslenskunámi fyrir innflytjendur verði meðal annars kynning á grunngildum íslensks samfélags.
- Við samningu námsefnis verði sérstaklega hugað að þessum þáttum.

Tryggja framboð á námsefni sem hæfir markmiðum námskrár

Leið:

- Veita styrki til að semja og gefa út námsefni í íslenskukennslu ætlað innflytjendum.

Fram fari gæðamat og eftirlit með íslenskukennslu

Leiðir:

- Menntamálaráðuneytið hafi eftirlit með íslenskukennslu.
- Námskeið verði vottuð af menntamálaráðuneytinu samkvæmt gæðastöðlum er ráðuneytið setur.

Miðlun og öflun upplýsinga

Það er stefna stjórnvalda að innflytjendur fái greinargóðar upplýsingar um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur borgara í landinu er stuðli að farsælli aðlögun þeirra að samfélaginu. Öflun upplýsinga um innflytjendamál er stjórnvöldum nauðsynleg, bæði í stefnumótunarskyni og til að meta árangur aðgerða.

Innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum um íslenskt samfélag

Leiðir:

- Á hverjum tíma skal vera tiltækur bæklingur á nokkrum tungumálum um fyrstu skrefin þegar sest er að á Íslandi með upplýsingum um hvar erlendir ríkisborgarar eigi að skrá sig, aðgengi að íslenskukennslu og fleira.
- Innflytjendur og fólk búsett á Íslandi sem ekki er fyllilega læst á íslensku geti nálgast þessar upplýsingar á nokkrum tungumálum á netinu, meðal annars á vefnum island.is.
- Upplýsingar um fyrstu skrefin á innlendum vinnumarkaði skulu vera aðgengilegar á nokkrum tungumálum.

Aðgengilegar upplýsingar um innflytjendamál á Íslandi

Leiðir:

- Skilgreina í samstarfi við Hagstofuna ábyrgð og verksvið hennar og annarra stofnana að því er varðar söfnun og birtingu tölulegra upplýsinga.
- Sérstaklega skal aflað upplýsinga um sérstök verkefni, þjónustu og aðra starfsemi sem tengist málefnum innflytjenda, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Atvinnumál og atvinnuþátttaka

Launað starf er undirstaða velferðar fólks. Atvinnuþátttaka á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, sérstaklega meðal innflytjenda, og er það stefna stjórnvalda að svo verði áfram.

Stjórnvöld verða á hverjum tíma að hafa yfirsýn yfir fjölda erlendra ríkisborgara sem dvelur og starfar í landinu. Enn fremur er mikilvægt að einstaklingar séu skráðir inn í opinber skráningarkerfi sem tryggir þeim aðgang að íslensku velferðarkerfi til jafns við aðra sem hér dvelja löglega óháð þjóðerni.

Útlendingar sem kjósa að dvelja hér og starfa þurfa að tilkynna sig til hlutaðeigandi stjórnvalda við komuna til landsins og gæta þess að dvalar- og atvinnuleyfi séu í gildi meðan dvalið er hér á landi. Til að einfalda ferlið og tryggja að allar skráningar séu réttar er mikilvægt að innan stjórnsýslunnar verði ákveðið verklag við komu erlendra ríkisborgara hingað til lands í fyrsta skiptið.

Erlendir ríkisborgarar sem hér dvelja og starfa hafi tilskilin dvalar- og atvinnuleyfi

Leiðir:

- Skráningarkerfi einfaldað þannig að útlendingar sem hafa tilskilin leyfi til að koma til landsins án sérstakra dvalar- og atvinnuleyfa skrái sig hjá einum aðila við upphaf dvalar.
- Samstarf milli ólíkra stofnana eftir þannig að gildistími skattkorta og skráning í Þjóðskrá sé í samræmi við gildistíma dvalar- og atvinnuleyfa.
- Eftirlit með gildistíma dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga aukið og gert sýnilegra, meðal annars með virku vinnustaðaeftirliti.

Útlendingar á innlendum vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda og aðrir

Áhersla er lögð á samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit með að gildandi lög séu virt, kjarasamningar haldi og að dvalar- og atvinnuleyfi útlendinga í starfi á íslenskum vinnumarkaði séu í gildi, meðal annars til að tryggja að útlendingar haldi réttindum sínum.

Leiðir:

- Auka samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit með að gildandi lög og kjarasamningar séu virt.
- Efla fræðslu til atvinnurekenda um þær reglur er gilda um ráðningu erlendra starfsmanna.

Virk atvinnuþátttaka á innlendum vinnumarkaði

Almennt gildir frjáls för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við veitingu dvalarleyfa með atvinnuþátttöku erlendra ríkisborgara hefur verið mörkuð sú stefna að litið er til aðstæðna í atvinnumálum á Evrópska efnahagssvæðinu hverju sinni. Skortur á starfsfólki á evrópskum vinnumarkaði er því eitt megin skilyrði þess að erlendum ríkisborgurum verði veittar heimildir til að dvelja hér og starfa. Áhersla skal áfram lögð á mikilvægi þess að litið sé til vinnumarkaðssjónarmiða, þar á meðal horfur í atvinnumálum á vinnumarkaði í einstökum starfsgreinum, við veitingu atvinnuleyfa.

Leiðir:

- Stuðla skal áfram að aðgengi útlendinga sem hafa leyfi til að dvelja og starfa hér á landi að vinnumarkaðsaðgerðum missi þeir störf sín á innlendum vinnumarkaði þar sem áhersla verður á einstaklingsmiðaða þjónustu og virka þátttöku einstaklingsins í atvinnuleit sinni og úrræðum sem standa til boða hverju sinni.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga verði skýrari

Leiðir:

- Lög nr. 96/2002 um útlendinga og lög nr. 97/2002 um atvinnurétti útlendinga verði samræmd.
- Skýrari ákvæði verði um rétt fólks til að dvelja hér og starfa meðan á afgreiðslu umsókna um framlengingu dvalar- og atvinnuleyfa stendur yfir.

Miðlun upplýsinga á netinu fyrir atvinnurekendur sem og aðra

Það er stefna stjórnvalda að atvinnurekendur fái greinargóðar upplýsingar um fyrstu skref innflytjenda á innlendum vinnumarkaði er auðveldi bæði atvinnurekendum og innflytjendum að þekkja og skilja þær leikreglur er gilda á íslenskum vinnumarkaði, svo sem hlutverk samtaka aðila vinnumarkaðarins, gildi kjarasamninga, samskiptavenjur á vinnustöðum og aðgengi að íslenskukennslu.

Leið:

- Efla skal fræðslu til atvinnurekenda, meðal annars með aðgengilegum upplýsingum á netinu um reglur er gilda um ráðningar erlends starfsfólks í laus störf á innlendum vinnumarkaði, hvort sem er á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga, samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Menntamál

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis og undirstaða almennrar velferðar. Hún felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur, efla siðferðisvitund, stuðla að ábyrgri umgengni við allt líf og umhverfi og efla virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Eitt grundvallarviðmiða í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að þjóða nám og kennslu við hæfi. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti.

Tungumálakunnátta er einn mikilvægasti lykillinn að nýju samfélagi og grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að þeir sem flytja hingað til lands og hafa annað móðurmál en íslensku nái góðum tókum á íslenskri tungu og kynnist íslenskri menningu og samfélagi.

Leik-, grunn- og framhaldsskóli

Íslenskunám er mikilvæg forsenda aðlögunar innflytjenda að samfélaginu. Það er meðal annars hlutverk skóla að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum að verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi.

Markmið íslenskukennslu er að nemendur með annað móðurmál en íslensku verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum grunn- og framhaldsskólum og taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla með annað móðurmál en íslensku njóti réttar síns til náms í íslensku sem öðru tungumáli

Skipulag náms í íslensku sem öðru tungumáli taki mið af stöðu leik-, grunn- og framhaldsskólanema og þeirri staðreynd að tungumál og menningarleg reynsla þeirra og þekking er önnur en nemenda sem hafa alist upp í íslenskri menningu. Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku og hugtakanotkun. Hún er einnig lykillinn að öðru námi og virkri þátttöku í íslensku samfélagi.

Leiðir:

- Menntamálaráðuneytið eyrnamerki árlega sérstaka fjárveitingu fyrir nemendur í framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku.
- Í nýju frumvarpi að lögum um leikskóla skal skilgreindur réttur leikskólabarna af erlendum uppruna til að læra íslensku og fá viðeigandi málörvun.
- Gefa út árið 2007 aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska sem annað tungumál.
- Gefa út árið 2007 aðalnámskrá framhaldsskóla: Íslenska sem annað tungumál.
- Skólar veiti íslenskum börnum sem dvalið hafa lengi erlendis stuðning í íslensku og hugtakanámi ef þörf krefur.
- Íslenska sem annað tungumál skal metin til lokaprófs í framhaldsskólum.
- Framhaldsskólar hlutist til um að stuðningskennsla í einstökum námsgreinum verði hluti af íslenskunámi og að í þeirri kennslu verði meðal annars lögð áhersla á hugtakaskilning.

- Stutt skal við þróun og útgáfu á námsgögnum til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku fá eftir því sem kostur er tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu

Kostir netsins skulu nýttir til að nálgast efni á móðurmáli og efla samskipti við nemendur með sama menningar- og tungumálagrunn. Einnig má benda á mikilvægt hlutverk bókasafna er mörg hver hafa sérhæft sig í ólíkum tungumálum.

Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd leik-, grunn- og framhaldsskólanema að tekið sé tillit til þekkingar á erlendu móðurmáli þeirra en ekki eingöngu einblínt á vankunnáttu í íslensku.

Leiðir:

- Gefa nemendum kost á að nema móðurmálið sem valnám, þar sem því verður við komið, eða meta það á annan hátt eftir því sem kostur er.
- Viðurkenna móðurmál grunn- og framhaldsskólanema í stað norðurlandamáls hafi þeir dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri.
- Viðurkenna móðurmál, ef annað en íslenska, og meta til eininga á framhaldsskólastigi eftir því sem kostur er.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum verði auðvelduð próftaka á íslensku

Þeir sem semja og annast framkvæmd prófa, jafnt samræmdra sem annarra, leitist við að tvítyngdir nemendur gjaldi ekki fyrir takmarkaða kunnáttu í íslensku.

Leiðir:

- Veita grunnskólanemum undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk, sé þess óskað.
- Veita nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár, sé þess óskað.
- Veita nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku, sé þess óskað.
- Heimila nemendum með annað móðurmál en íslensku að nota orðasöfn á prófum.

Foreldrum eða forráðamönnum af erlendum uppruna verði auðvelduð þátttaka í starfi sem tengist börnum og unglingum

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um nám einstaklinga og velferð. Mikilvægt er að skólar leiti allra leiða til að bjóða foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna að taka þátt í foreldrastarfi og styðja þannig við menntun barna sinna.

Leiðir:

- Skólayfirvöld og kennarar hvetji foreldra til að sækja fundi er varða börn þeirra, svo sem foreldraviðtöl.
- Skólayfirvöld og kennarar leggi áherslu á að styrkja tengsl við heimili tvítyngdra barna.
- Stöðluð bréf og skilaboð milli skóla og heimila verði þýdd á móðurmál sem flestra foreldra sem ekki tala íslensku.

Skólanámskrár miði að því að undirbúa nemendur undir virka þátttöku í fjölmenningslegu samfélagi

Leiðir:

- Sérstök móttökuáætlun verði unnin fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við aðalnámskrá þessara skólastiga.
- Sérhver skóli móti áætlun um innritun og móttöku tvítyngdra barna. Skólar þurfa við innritun og móttöku nemenda að afla upplýsinga um bakgrunn þeirra á þar til gerðu eyðublaði, meðal annars um færni nemenda í móðurmáli og öðrum tungumálum.

Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi

Mikilvægt er að innflytjendur sem aðrir íbúar landsins geti nýtt menntun sína á vinnumarkaði.

Leiðir:

- Einfalda ferli við mat og viðurkenningu á erlendri starfsmenntun og námi.
- Þýða á fleiri tungumál upplýsingar um hvernig mat fer fram og gera aðgengilegar á netinu.

Kennaramenntun

Til þess að kennarar séu í stakk búnir til að mæta breyttum nemendahópi er nauðsynlegt að þjálfra kennara og kennaranema í að kenna íslensku sem annað tungumál.

<p>Framboð af vel menntuðum kennurum sem hafa lært að kenna íslensku sem annað tungumál verði aukið</p>
--

Leiðir:

- Skilgreina lágmarkskröfur sem gera þarf til kennara á þessu sviði.
- Kennaranemar fái þjálfun í grunnnámi í því að kenna íslensku sem annað tungumál.
- Gera tímabundið átak í námskeiðahaldi í íslensku sem annað tungumál fyrir kennara.
- Semja við viðurkennda aðila, t.a.m. háskólastofnanir, um að annast menntun og þjálfun kennara.

Heilbrigðisþjónustan

Það er grundvallarmarkmið íslenskra stjórnvalda að borgarar landsins fái notið bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu. Það felur í sér að mannhelgi sérhvers einstaklings sé virt. Í því felst líka að standa vörð um jöfn réttindi, skyldur og sameiginlega ábyrgð á þann hátt að í heilbrigðisþjónustunni sé einstaklingnum mætt á eigin forsendum og hann fái heilðræna meðferð.

Hlutverk heilbrigðisþjónustunnar er að lækna, hjúkra og líkna þegar sjúkdómar og vanheilsa hrjáir fólk og að sinna endurhæfingu til að hverjum og einum gefist tækifæri til að lifa innihaldsríku lífi þrátt fyrir sjúkdóma eða fötlun. Þá er það einnig viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar að hjálpa fólki að efla eigin heilsu með upplýsingum og ráðgjöf um þá þætti sem hafa áhrif á hana.

Í 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Þá eru allir þeir sem hafa átt lögheimili á Íslandi í sex mánuði eða lengur sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og skiptir þjóðerni þá ekki máli. Þeir sem eru í lögumætri vinnu hér á landi eru þó slysatryggðir frá fyrsta vinnudegi.

Í EES-samningum felst að ríkisborgarar ESB- og EFTA-ríkja njóta jafnræðis á við þá sem búsettir eru á Íslandi en þeir sem ekki hafa lögheimili hér á landi eða hafa ekki dvalið hér á landi í sex mánuði eftir að lögheimili var skráð eru þó ekki sjúkratryggðir.

Þeir einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar og sem milliríkjasamningar um almannatryggingar taka ekki til eiga samt sem áður rétt á neyðaraðstoð hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi hér á landi.

Innflytjendur hafi aðgang að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu hér á landi í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um almannatryggingar og lög um réttindi sjúklinga. Innflytjendur skulu njóta sömu þjónustu og Íslendingar

Gæði í heilbrigðisþjónustunni taka til allra þátta þjónustunnar, hvar og hvenær sem hún er veitt. Þannig taka þau til greiningar, meðferðar, hjúkrunar, hæfingar og endurhæfingar, heilsuverndar og annarra þátta sem fyrirbyggja heilsufarsvandamál og tryggja öryggi sjúklinga.

Aðbúnaður og meðferð skal vera í samræmi við ástand sjúklings og horfur og bestu þekkingu sem völ er á hverju sinni og ber heilbrigðisstarfsfólki að tryggja öllum sjúkum sambærilega meðferð.

Leið:

- Í öllu námi og fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks verði lögð áhersla á framangreint markmið.
- Stjórnendur stofnana fylgist með því að öll starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við framangreint markmið.

Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að upplýsingar berist milli einstaklings og heilbrigðisstarfsmanns

Rétturinn til upplýsinga er hluti af grundvallarréttindum sjúklinga. Í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga er kveðið á um réttindi fólks sem ekki kann íslensku til túlkaþjónustu. Þau leggja heilbrigðisstarfsmönnum þá skyldu á herðar að sjá til þess eftir fremsta megni að sjúklingar sem ekki tala íslensku skilji það sem sagt er við þá.

Leiðir:

- Settar skulu samræmdar verklagsreglur um túlkaþjónustu vegna sjúklinga sem ekki kunna íslensku.
- Til að einfalda samskipti og koma í veg fyrir misskilning heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga skal þýða ýmis konar eyðublöð, fræðsluefni og leiðbeiningar á erlend tungumál.
- Unnið skal að orðskýringum á helstu hugtökum sem notuð eru í heilbrigðisþjónustunni.

Heilbrigðisstarfsfólk sé upplýst um ólíka menningarheima að því leyti sem það getur skipt máli gagnvart innflytjendum sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda

Grundvallarhugmyndafræði heilbrigðisþjónustunnar byggist á því að mæta einstaklingunum á þeirra eigin forsendum. Góð þekking heilbrigðisstarfsmanna á trú og menningararfleifð ólíkra hópa sem leita eftir heilbrigðisþjónustu auðveldar nálgun, eftirlit, meðferð og umönnun sjúklinga. Hún er til þess fallin að auka skilning, samvinnu og traust milli manna og stuðla að betri samskiptum og árangri.

Leiðir:

- Í námi heilbrigðisstétta og símenntun skal lögð áhersla á að kynna hvernig ólík menningar- og trúartengd áhrif geta mótað viðhorf einstaklingsins, ekki síst þegar hann stendur frammi fyrir atburðum eins og fæðingu, sjúkdómum, þjáningu og dauða.

Upplýsingar um almannatryggingar og skipulag og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu séu innflytjendum aðgengilegar

Leiðir:

- Gefinn verði út bæklingur með hagnýtum upplýsingum um heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar og réttindi sjúklinga ásamt því hvernig bregðast á við ef þörf er á neyðarþjónustu.
- Stofnanir innan heilbrigðisþjónustunnar hafi grundvallarupplýsingar um þjónustu sína og grunnupplýsingar verði aðgengilegar á nokkrum erlendum tungumálum, meðal annars á netinu.

Hugað sé að sértækum heilsufarsvandamálum innflytjenda með það að markmiði að bæta heilsufar þeirra og vellíðan

Heilbrigðiskerfið þarf að geta brugðist við sjúkdómum meðal innflytjenda og beita sértækum aðgerðum vegna innflytjenda þegar um er að ræða sjúkdóma sem fátíðir eru hér á landi og þarf að meðhöndla.

Leiðir:

- Skilgreindar verði áherslur í slíkum heilbrigðisskoðunum, hver beri ábyrgð á framkvæmd þeirra og meðferð á þeim vandamálum sem kunna að greinast.
- Upplýsingaefni um tiltekna áhættuþætti heilsu verði gert aðgengilegt á erlendum tungumálum og unnið markvisst að fræðslu til innflytjenda um forvarnir og heilsueflingu, svo sem á vinnustöðum og í skólum.

Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarstjórnir og stofnanir sveitarfélaga gegna lykilhlutverki við að virkja innflytjendur til þátttöku í samfélaginu í krafti nálægðar við íbúana og þeirrar grunnþjónustu sem þau veita. Í þessari nálægð liggja rík tækifæri á sviði innflytjendamála. Sjálfstæði sveitarfélaga tryggir þeim að öllu jöfnu nauðsynlegan sveigjanleika við að mæta staðbundnum þörfum, enda er uppruni og fjöldi innflytjenda í sveitarfélögum eftir þjóðernum mjög mismunandi. Hér á eftir eru settar fram ábendingar og markmið í innflytjendamálum á sveitarstjórnarstiginu, en viðurkennt að sveitarfélög verða hvert og eitt að ákvarða leiðir að þeim markmiðum í samræmi við aðstæður. Ríkisstjórnin hvetur sveitarfélög til að móta stefnu um málefni innflytjenda, kveða á um hvar málaflokkurinn er vistaður innan stjórnsýslunnar og leita leiða til að virkja innflytjendur til þátttöku í málefnum sveitarfélagsins og í félagskerfi þess. Í slíkri stefnu er æskilegt að kveða á um miðlun upplýsinga til íbúa sveitarfélagsins sem ekki hafa full tök á íslenskri tungu og setja leiðbeinandi viðmið vegna túlkajónustu. Þá eru sveitarfélög einnig hvött til að bæta upplýsingaöflun um málefni innflytjenda og efla samstarf í héraði við atvinnurekendur, félagasamtök og stofnanir til hagsbóta fyrir innflytjendur og samfélagið allt.

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skal það gert með því meðal annars að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Sveitarstjórnir tryggi að innflytjendur hafi sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins

Sveitarstjórnir beiti tiltækum úrræðum til að koma í veg fyrir félagslega einangrun innflytjenda, bæði barna og fullorðinna

Í þeim tilfellum að sveitarfélög setja sér forvarnastefnu er brýnt að hún nái einnig til barna og ungmenna af erlendum uppruna

Sveitarfélög gegni virku hlutverki í hvers kyns fræðslu sem hafi að markmiði að sporna gegn fordómum

Barnavernd

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er fjallað um rétt barna á vernd og umönnun og forsjár- og uppeðisskyldur foreldra gagnvart börnum sínum. Markmið laganna er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeðishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Með börnum er átt við einstaklinga yngri en 18 ára.

Í barnaverndarlögum er sérstaklega kveðið á um að sveitarstjórnir marki sér stefnu og geri framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að slík stefna taki sérstaklega mið af þeim börnum er tala ekki íslensku eða eiga foreldra sem tala ekki íslensku. Það er jafnframt eitt af hlutverkum barnaverndarnefnda að leggja fram tillögur sem stuðla eiga að því að búa börnum góð uppeðisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því markmiði.

Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum taki sérstaklega mið af börnum er hafa ekki íslensku að móðurmáli

Íþróttá- og tómslundamál

Þátttaka í íþróttá- og tómslundastarfi er öllum börnum og ungmennum leið til að styrkja félagsleg tengsl og því áhrifaríkt tæki til að sporna gegn félagslegri einangrun og áhættuhegðun. Víða njóta íþróttafélög og ýmis önnur félagasamtök styrkja frá sveitarfélögum sem skapar sveitarfélögum tækifæri til að gera kröfur til styrkþega um að þeir leitist við að tryggja jafnan aðgang að starfi á þeirra vegum.

Sveitarfélög leiti leiða til að tryggja þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþróttá- og tómslundastarfi í sveitarfélaginu, bæði á þeirra eigin vegum svo og á vegum félagasamtaka sem njóta styrkja eða aðstöðu í sveitarfélaginu

Málefni fatlaðra

Nauðsynlegt er að börn og ungmenni meðal innflytjenda fái sömu þjónustu og aðrir ef grunur vaknar um þroskaröskun eða fötlun, hvers eðlis sem hún er. Sama gildir um fullorðið fólk sem kann að verða fyrir skerðingu á færni á fullorðinsárum vegna sjúkdóma eða slysa. Heilbrigðiskerfið þarf að gegna sínum skyldum gagnvart innflytjendum líkt og öðrum þegar um er að ræða heilbrigðisþjónustu vegna meðfæddrar skerðingar, nýburasþjónustu eða sjúkdóma sem kunna að skerða færni einstaklinga þannig að fötlun hljótist af. Þá bera öll stig skólakerfisins sömu skyldur gagnvart nemendum með þroskaröskun, skerta færni eða fötlun.

Við greiningu sérfræðinga á þroskaröskunum eða grun um slíkar raskanir skal hafa hugfast að börn og ungmenni sem hafa ekki full tök á íslensku máli þurfa sérstakrar athugunar við. Almennar eða hefðbundnar aðferðir eiga þá ekki alltaf við. Þetta gildir meðal annars um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og annars staðar þar sem slíkum verkefnum er sinnt. Við slíkar aðstæður getur til dæmis verið örðugt að kanna vitsmunapróska og félagsleg samskipti geta verið tengd menningarlegu umhverfi.

Starfsfólk heilbrigðis- og skólakerfis, sem og félagsþjónustu sveitarfélaga, skal vera vakandi fyrir þroskafrávikum í ljósi þess að innflytjendur kunna að vera óupplýstir eða hikandi gagnvart þeim möguleikum og þjónustu sem í boði er.

Greining frávíka í þroska barna er hafa ekki íslensku að móðurmáli

Leiðir:

- Þeirri ábendingu skal koma á framfæri við hlutaðeigandi aðila að frávik í þroska geta dulist ef barn hefur ekki tök á íslensku til jafns við önnur börn eða kemur úr mjög ólíku menningarumhverfi.
- Benda skal foreldrum á frumgreiningu hjá til þess bærum sérfræðingum leiki grunur á þroskafrávikum.
- Greiður aðgangur sé að túlkaþjónustu fyrir innflytjendur, bæði hjá þeim sem annast frumgreiningu og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þar sem til dæmis upplýsingar frá foreldrum um þroskasögu geta varðað miklu um niðurstöður. Sama gildir um ráðgjöf og eftirfylgni. Skal huga að hlutlausri túlkaþjónustu, þ.e. ekki túlkun foreldra, ellegar leita aðstoðar sérfræðinga af þjóðerni barnsins sem kunna að búa á landinu.